

**Viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Viðskiptaráðuneyti**  
Dagsetning: **29.04.2008**  
Málsnúmer: **VRN07100039**  
Bréfalykill: **54.010**

Efni: Löggjöf á sviði fjármálamarkaðar: Tillaga að frekari breytingum en frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða verðbréfavíðskipti (þskj. 839, 538. mál) felur í sér

**Tillaga að breytingu á 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki**

Tillaga þessi lýtur að 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, um samruna fjármálafyrirtækja, en hún er til komin að frumkvæði Fjármálaeftirlitsins.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á ákvæðinu sem einkum er ætlað að auka skýrleika ákvæðisins. Ennfremur er það markmið breytingatillögunnar að taka allan vafa af um það að sparisjóðir geti eignast einstaka rekstrarhluta annarra fjármálafyrirtækja en sparisjóða, án þess að þeim hafi áður verið breytt í hlutafélag.

**Í stuttu máli er efni tillögunnar eftirfarandi:**

- Lagt er til að nógildandi 1. mgr. 106. gr. verði skipt upp í tvær málsgreinar í því skyni að auka skýrleika og framsetningu. Lagt er til að í fyrri málsgreininni (1. mgr.) verði fjallað um samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir samruna fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki eða yfirfærslu einstaka rekstrarhluta með öðrum hætti, t.d. sölu. Í seinni málsgreininni (sem yrði 2. mgr.) verði fjallað um samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda fyrir samruna fjármálafyrirtækja. Breytast númer málsgreina 106. gr. til samræmis við þetta.
- Lagt er til að orðalagi 1. mgr. verði breytt á þann hátt að skýrara verði hvað átt er við með samruna fjármálafyrirtækis við einstaka rekstrarhluta annars fyrirtækis. Með yfirfærslu einstaka rekstrarhluta fjármálafyrirtækis til annars fyrirtækis er átt við það þegar rekstarhluti er færður til eða frá fjármálafyrirtæki með öðrum hætti en samruna í skilningi hlutafélagalaga., t.d. með sölu. Lagt er til að skilgreint verði hvað átt er við með rekstrarhluta í þessu ákvæði, þ.e. starfhæfa einingu innan fjármálafyrirtækis (s.s. útibú), en ekki yfirfærslu á tilteknum eignum.
- Lagt er til að fellt verði brott ákvæði um að samruni sparisjóðs við einstaka rekstrarhluta annars fyrirtækis en sparisjóðs sé óheimill nema sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag, sbr. nógildandi 2. mgr. 106. gr. Með breytingunni yrði sparisjóðum kleift að kaupa einstaka rekstrarhluta annarra fjármálafyrirtækja. Nógildandi ákvæði 2. mgr. 106. gr. kom inn í löginn með lögum nr. 4/2004, um breytingu á lögum nr. 161/2002, að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar og var það hluti af breytingum sem ætlað var að vernda sparisjóði gegn yfirtökum. Samkvæmt orðalagi sínu virðist ákvæðið hins vegar einnig banna sparisjóðum að kaupa rekstrarhluta annarra fjármálafyrirtækja, þrátt fyrir að ekki sé augljóst að bannað sé að selja rekstrarhluta sparisjóðs til annars konar fjármálafyrirtækis. Þannig kemur ákvæðið í raun í veg fyrir vöxt sparisjóða með kaupum á rekstrareiningum annarra fyrirtækja en sparisjóða. Því er lagt til að sama gildi varðandi sölu á rekstrareiningu til og frá sparisjóði.

- Loks er lagt til að nógildandi 5. mgr. (sem verður 6. mgr. ef lögnum verður breytt með fyrrgreindum hætti) verði breytt á þá vegu að Fjármálaeftirlitinu beri að auglýsa yfirfærslu einstaka rekstarhluta fjármálafyrirtækja líkt og samruna, enda ljóst að viðskiptavinir geta haft jafnmikilla hagsmuna að gæta í báðum tilvikum.

**Lagt er til að 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki verði svohljóðandi: -Breyttur texti er auðkenndur með rauðum lit-**

- Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Yfirfærsla einstaka rekstrarhluta fjármálafyrirtækis til annars fyrirtækis með öðrum hætti, s.s. sölu, er einnig háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með rekstrarhluta er í ákvæði þessu átt við starfhæfa einingu innan fjármálafyrirtækis, t.d. útibú.*
- Samruni fjármálafyrirtækis við annað fyrirtæki er aðeins heimill ef ákvörðun þar að lútandi hefur hlotið samþykki hluthafafundar eða fundar stofnþjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu með minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða og samþykki hluthafa eða stofnþjáreigenda í yfirtekna fyrirtækinu sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnþjáreigenda. Ef hið yfirtekna fyrirtæki er alfarið í eigu yfirtökufélags þarf ekki að koma til atkvæðagreiðslu skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar í yfirtekna félaginu.*
- Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.*
- Um samruna fjármálafyrirtækja gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.*
- Fjármálafyrirtæki, sem er slitið vegna samruna, er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna fjármálafyrirtækja er undanþegin stimpilgjöldum.*
- Fjármálaeftirlitið skal auglýsa samruna og yfirfærslu rekstarhluta fjármálafyrirtækja í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruninn eða yfirfærslan tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi fyrirtækja, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.*
- Við samruna tveggja eða fleiri fjármálafyrirtækja skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi fyrirtækja á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 14. gr. ekki verið náð.*

#### **Þingleg meðferð þskj. 839, 538. mál**

Mikilvægt er talið að ofangreindar breytingar verði gerðar á 106. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki til að auðvelda hagræðingu á fjármálamarkaði. Breytingarnar miða að því að jafna stöðu sparisjóðanna gagnvart öðrum fjármálafyrirtækjum, þannig að þeir geti stækkað með því að kaupa rekstrareiningar frá öðrum fjármálafyrirtækjum, í stað þess að þeir geti einungis selt rekstrareiningar. Þá miða breytingarnar að því að auka skýrleika ákvæðisins.

Í ljósi þess að áriðandi þykir að verði breytt með ofangreindum hætti er lagt til að tekið verið tillit til breytingartillögu þessarar við þinglega meðferð frumvarps til laga um breytingu á lögum er varða verðbréfavíðskipti.

Með hliðsjón af ofanrituðu er lagt til að heiti frumvarpsins verði breytt í *Frumvarp til laga um breytingu á lögum er varða verðbréfavíðskipti og fjármálafyrirtæki.*